

Fimmtudaginn 2. október 1997.

Nr. 440/1996.

**Ásdís Kristjánsdóttir**

(Jónatan Sveinsson hrl.)

gegn

**Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar**

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Lífeyrissjóðir. Lífeyrisréttur. Óvígð sambúð. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1996. Hún krefst þess, að stefnda verði dæmt skylt að greiða sér frá 1. apríl 1994, en til vara frá 13. sama mánaðar, makalífeyri eftir eiginmann sinn, Harald B. Þórarinsson, er andaðist 13. ágúst 1990, með sama hætti og stefndi hafi gert fram til 1. apríl 1994, en að öðru leyti samkvæmt reglum stefnda á hverjum tíma. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

### **I.**

Hinn stefndi lífeyrissjóður er sameignarsjóður og var stofnaður með reglugerð, er kom til framkvæmda 1. janúar 1964 og hlaut staðfestingu fjármálaráðuneytisins 15. mars 1966. Var hún veitt á grundvelli D-liðar 13. gr. þágildandi laga nr. 90/1965 um tekjuskatt og eignarskatt, er mælti fyrir um frádrátt á iðgjöldum af lífeyristryggingu frá skattskyldum tekjum manna, sbr. og ákvæði B-liðar 34. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Ekki er veftengt, að staðfestingin hafi verið í gildi, þegar lög nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl. og síðar lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda komu til sögunnar, og ekki verður séð, að nauðsynlegt hafi verið að endurnýja hana við þau tímamót vegna ákvæða þeirra laga. Í þessari fyrstu reglugerð sjóðsins voru ekki ákvæði um rétt sambúðarfólks til makalífeyris

við andlát sjóðfélaga, heldur var rétturinn afmarkaður við eftirlifandi eiginmann eða eiginkonu. Þau ákvæði um brottfall makalífeyris, sem hér er um deilt, var hins vegar að finna í 5. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar.

Eiginmaður áfrýjanda varð félagi í lífeyrissjóðnum árið 1984. Hafði sjóðnum þá verið sett ný reglugerð, sem kom til framkvæmda 1. janúar 1983, og er hún enn í gildi. Að stofni til var hún sama efnis og fyrri reglugerð, en við hana aukið nýjum ákvæðum og öðrum breytt að nokkru. Þau nýmæli, sem um var að ræða, voru að miklu leyti hliðstæð breytingum á lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna, sem teknar höfðu verið upp í þáverandi lög nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins með bráðabirgðalögum nr. 67/1980, er staðfest voru á Alþingi sem lög nr. 98/1980. Meðal þeirra var ákvæði um rétt sambúðarfólks til makalífeyris, sem sett var í 4. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Fyrirnefndum ákvæðum um brottfall makalífeyris var haldið óbreyttum, og eru þau nú annar og þriðji málsliður 3. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar. Vísa ákvæðin til 13. gr. í heild og hljóða þannig: „Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum eða úr einhverjum öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.“

Lífeyrissjóðurinn er stofnaður á samningsgrundvelli, en ekki með lagaboði, og telst eign Húsavíkurbæjar með þeim takmörkunum, sem leiðir af reglugerð hans. Fyrirnefndar reglugerðir voru báðar settar með samþykki Starfsmannafélags Húsavíkurbæjar og bæjarstjórnar Húsavíkur. Að sögn málsaðila var hins vegar látið hjá líða að leita staðfestingar fjármálaráðuneytisins á síðari reglugerðinni.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar frá 1983 öðlaðist áfrýjandi rétt til makalífeyris úr sjóðnum við andlát eiginmannsins. Nam lífeyririnn tilteknum hluta af launum eiginmannsins í þeirri stöðu, er hann gegndi síðast, og er launahlutfallið óumdeilt. Lífeyrisrétturinn var ótmabundinn, og voru greiðslur inntar af hendi mánaðarlega fram til 1. apríl 1994, þegar sjóðsstjórnin stöðvaði þær á grundvelli tilvitnaðra ákvæða 3. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar með skír-

skotun til þess, að áfrýjandi hefði tekið upp óvígða sambúð með Gunnari Páli Jóhannessyni að Skólagarði 10 á Húsavík. Ákvað stjórnin endanlega á fundi sínum 20. september 1994 að fella niður greiðslu makalífeyris til áfrýjanda frá og með nefndum degi, meðan þeirri sambúð væri ekki slitið.

## II.

Áfrýjandi telur ákvörðun stjórnar stefnda um niðurfellingu lífeyrisgreiðslna til sín skorta lögmatan grundvöll sakir þess, að starfsreglur sjóðsins frá 1983 hafi aldrei verið lagðar fyrir fjármálaráðuneytið til staðfestingar gagnstætt áskilnaði 2. gr. laga nr. 55/1980, og verði ákvörðunin að teljast ógild þegar af þeirri ástæðu. Fyrir liggur, að þau ákvæði reglnanna, sem stjórnin vísaði til, voru einnig hluti af eldri reglugerð sjóðsins, er hlotið hafði þessa staðfestingu, og þær breytingar á starfsreglum, sem um var mælt í hinni nýju reglugerð, voru áþekkar breytingum, sem gerðar voru hjá öðrum lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna um svipað leyti. Þá er ekki vefengt, að sjóðurinn hafi almennt verið talinn njóta stöðu viðurkenndra lífeyrissjóða eftir breytingarnar og starfsemi hans hagað eftir því. Þannig hafi réttindi í sjóðnum fallið undir skráningu á lífeyrisskrá samkvæmt lögum nr. 91/1980 um skráningu lífeyrisréttinda og sjóðurinn verið háður því opinbera eftirliti, sem um var að ræða, sbr. nú lög nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða. Þegar á þetta er litið ásamt því, sem til er fært í forsendum hins áfrýjanda dóms, verður að fallast á það með héraðsdómara, að umræddur skortur á staðfestingu skipti ekki máli um gildi reglugerðarinnar milli aðila.

Í annan stað telur áfrýjandi ákvörðun stjórnarinnar skorta lögmatan grundvöll fyrir þá sök, að niðurfelling lífeyris með vísan til núverandi aðstæðna sinna feli í sér óheimila skerðingu á áunnum réttindum sínum og eiginmanns síns, sem hún verði ekki svipt bóta- laust án traustrar lagastoðar. Væri skerðingin eins óheimil, þótt svo yrði litið á, að þau Gunnar Páll hefðu í raun tekið upp óvígða sambúð. Lífeyrisréttur hennar hafi orðið virkur við andlát eiginmanns- ins og átt að vara til æviloka hennar. Það stangist á við inntak réttarins, að til álita komi að fella hann niður vegna persónulegra ástæðna, er hana varði. Umrædd ákvæði reglugerðar sjóðsins skorti

þannig efnislegt gildi, þótt þau yrðu talin standast að formi. Um þetta skírskotar áfrýjandi meðal annars til 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995, og meginreglna um jafnræði.

Við mat á þeim ákvæðum 3. mgr. 13. gr. reglugerðar stefnda frá 1983, sem fyrr eru rakin, verður það fyrst fyrir, að áskilnaður þess efnis, að makalífeyrir til eftirlifandi eiginkonu eða eiginmanns skuli falla niður, ef makinn gengur í hjúskap að nýju, hefur verið þáttur í skilmálum sameignarsjóða hér á landi undanfarna áratugi, þar á meðal hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem skipað er með lögum. Er að jafnaði svo að þessu kveðið, að réttur til lífeyris handa hinu eftirlifandi falli niður við síðara hjónaband, en komi aftur í gildi, ef því er slitið án réttar til lífeyris eftir hinn síðari maka, eins og hér er gert í öðrum málslið 3. mgr. 13. gr., sbr. áður fyrri málslið 5. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar frá 1964. Sýnist reglan lýsa því viðhorfi, að lífeyrinum sé einkum ætlað að bæta hinum eftirlifandi maka missi þeirrar framfærslu, sem hann gat notið vegna hjúskaparstöðu sinnar, og verði þörf þess ekki söm við nýjan hjúskap.

Spyrja má, hvort þessi regla sé sanngjörn og í takt við tímann að öllu leyti. Þróun skilmála lífeyrissjóða hefur þó ekki orðið sú, að þeim væri breytt í þessu tilliti, heldur hefur hún að svo komnu fremur verið í þá átt að takmarka umfang makalífeyris, þannig, að hann greiðist um tiltekið árabíl. Reglan styðst þannig við óslitna hefð. Með hliðsjón af því, hve fast er um hana búið í samþykktum lífeyrissjóða í landinu, verður ekki talið fært að hafna efnislegu gildi hennar hjá stefnda á þeim forsendum, sem áfrýjandi vísar til.

Þriðji málsliður 3. mgr. 13. gr., sbr. áður síðari málslið 5. gr. reglugerðarinnar frá 1964, hefur að geyma það ákvæði í skilmálum stefnda, sem hér reynir á með beinum hætti. Hliðstætt ákvæði var ekki í lögum um Lífeyrissjód starfsmanna ríkisins, áður en þeim var breytt með lögum nr. 141/1996, og á ekki að gilda í B-deild sjóðsins, eins og honum er nú skipað, sbr. 4. mgr. 27. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjód starfsmanna ríkisins. Hins vegar er það að finna í skilmálum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og hjá fleiri bæjarfélögum. Jafnframt sér þess stað í samþykktum almennra lífeyrissjóða.

Samkvæmt ákvæðinu hefur það sömu áhrif á makalífeyri og

stofnun nýs hjúskapar, ef hið eftirlifandi hjóna tekur upp sambúð við annan karl eða konu, og er það orðað svo, að þau búi samvistum. Þetta ákvæði varð til, áður en réttarstaða óvígðrar sambúðar mótaðist í það horf, sem nú er ríkjandi, svo sem orðalagið leiðir í ljós, og áður en réttur sambúðarfólks til makalífeyris úr sameignarsjóðum náði fótfestu í landinu nærri árinu 1980. Ákvæðið er tengt reglunni um áhrif nýs hjúskapar með þeim hætti, að ekki er unnt að hafna gildi þess við hlið hennar, og nægir ekki að vísa til þess, að stofnun sambúðar sé ekki formi bundin, eða hins, að henni fylgi ekki lögboðin framfærsluskylda. Verður þannig að telja, að ákvæðið geti átt við um óvígða sambúð, eins og á hana er nú almennt litið. Hins vegar hljóta þessi tengsl að ráða mestu um skýringu ákvæðisins, og verður að afmarka gildissvið þess með hliðsjón af þeim og viðeigandi samanburði á stöðu þess sambúðarfólks, sem í hlut á, við hjúskaparstöðu. Í tíð eldri reglugerðar varð þannig að gera mjög ríkar kröfur til þess, að samvistum, sem valda ættu lífeyrissmissi, yrði jafnað til hjúskapar, en um beitingu ákvæðisins þá eða síðar liggja ekki fyrir haldbær gögn. Eftir tilkomu reglugerðarinnar frá 1983 er eðlilegt að líta svo á, að ákvæðið hafi styrkst við þá gagnkvæmni, sem á komst með fyrrgreindu ákvæði hennar um rétt sambúðaraðila til makalífeyris.

### III.

Áfrýjandi heldur því eindregið fram, að ákvörðun stjórnar stefnda um stöðvun lífeyrisgreiðslna sé einnig reist á rangri forsendu, þar sem sambúð eða sambýli hennar og Gunnars Páls Jóhannessonar verði ekki jafnað til hjúskapar í þeim skilningi, sem hér kunní að eiga við.

Í hinum áfrýjaða dómi, þar sem fjallað er um málsatvik og málsástæður stefnanda í héraði, er greint frá aðdraganda og atvikum þess, að þau áfrýjandi og Gunnar Páll stofnuðu til kynna eftir fráfall maka hvors um sig og efndu síðan til sambýlis í húsi hans, jafnframt því sem áfrýjandi keypti húsið að hálfu á móti honum. Eins og um getur, óskuðu þau eftir því með tilkynningu til Þjóðskrár að verða skráð í óvígða sambúð frá og með 1. ágúst 1992, er áfrýjandi flutti í húsið. Var tilkynningin send 10. febrúar 1993 á þar til gerðu eyðublaði og sambúðin skrásett. Sú skrásetning var síðan felld niður frá

og með 13. apríl 1994 á grundvelli yfirlýsingar þann dag, er skjalfest var hjá sýslumanni á Húsavík, þar sem staðfest var samkomulag þeirra um slit á óvígðri sambúð. Fyrir héraðsdómi hafa þau lýst því, að umrædd tilkynning hafi verið send fyrir misskilning þeirra um almennar skyldur í þessu efni, og hafi þau í raun ekki litið samband sitt þeim augum, að í því fælist óvígð sambúð. Um ytri atvik því til staðfestu vísa þau meðal annars til þess, að glögg skil séu á fjármálum þeirra og þátttöku þeirra í kostnaði af rekstri hinnar sameiginlegu fasteignar. Einnig telji þau fram til skatts hvort í sínu lagi. Þau leggja bæði áherslu á, að sambúðarhættir þeirra hafi ekki breyst, frá því að til sambýlisins var stofnað, hvorki við fyrrgreinda tilkynningu né afturköllun hennar.

Óvígð sambúð er almennt talin felast í því, að karl og kona flytji saman og fari að búa sem hjón væru. Stofnun hennar og slit eru ekki formbundin þannig, að opinberan atbeina þurfi til eins og við hjúskap. Hin opinbera skráning óvígðrar sambúðar, sem nú er á kostur, hlýtur þó að teljast til meginatriða, þegar huga þarf að staðfestingu á tilvist hennar. Gagnkvæmar viljayfirlýsingar sambýlisfólks um skrásetningu eða afskráningu sambúðar sín í milli eru því mikilvægar, en geta ekki ráðið úrslitum einar sér um skilgreininguna á sambandi aðila eins og við hjónavígslu og skilnað eða um þýðingu þess í hinum ýmsu tilvikum, sem á kann að reyna.

Aðdragandinn að sambandi áfrýjanda og Gunnars Páls og hið fjárhagslega hagræði, sem fólgði var í sölu áfrýjanda á húseign sinni og kaupum hennar á eignarhlut í húsi hans, mæla því hvorugt í gegn eftir almennum mælikvarða, að tilkynning þeirra til Þjóðskrár um óvígða sambúð hafi verið gefin í góðri trú og í samræmi við raunverulega hagi þeirra. Vitnisburðir í málinu mæla því ekki heldur í mót, að samband þeirra hafi horft við sem sambúð hið ytra. Á sama hátt mælir það ekki gegn gildi tilkynningarinnar, að skýr skil hafi verið á fjárhag þeirra Gunnars Páls í mikilvægum atriðum, meðal annars vegna þess, að það er ekki skilyrði hjúskapar, að hjón rugli saman reytum í bókstaflegri merkingu. Aðskilnaður á skattframtölum þeirra skiptir ekki heldur sköpum, þar sem hann getur einnig átt við milli hjóna.

Þegar málgögn eru virt í heild, verður að telja, að áfrýjandi hafi ekki sýnt fram á, að skráningin á óvígðri sambúð hennar og Gunn-

ars Páls hafi verið röng að efni. Jafnframt hafi hún ekki sýnt fram á, að meta megi ósk þeirra um afskráningu sem ótvírætt merki þess, að um sambúð sé ekki að ræða, meðal annars þegar litið er til yfirlýsinga þeirra beggja um óbreytta sambýlishætti. Enn fremur benda gögnin til þess, að með þeim hafi tekist fjárhagsleg samstaða í mikilvægum mæli, þótt fé þeirra hafi ekki runnið saman, þannig, að þau njóti stuðnings hvort af öðru. Má fallast á niðurstöðu héraðsdómara um þetta atriði. Jafnframt er eðlilegt að horfa til þess, að sambandið hafði varað fast að tveimur árum, þegar greiðslur til áfrýjanda voru stöðvaðar, en stefndi hefur fallið frá kröfu um endurgreiðslu lífeyris fram að þeim tíma.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að líta svo á, að stefndi hafi mátt telja rétt áfrýjanda til greiðslu makalífeyris fallinn niður 1. apríl 1994 á grundvelli þess, að hún hafi þá búið með Gunnari Páli Jóhannessyni í óvígðri sambúð í skilningi ákvæða 3. mgr. 13. gr. reglugerðar sjóðsins. Fram er komið, að sambúðin sé enn óbreytt og reglugerðin einnig. Hinn áfrýjaði dómur verður því staðfestur.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i Péturs Kr. Hafstein

Á starfstíma sínum hjá Húsavíkurkaupstað greiddi eiginmaður áfrýjanda, Haraldur Þórarinsson, lífeyrissjóðsiðgjöld til stefnda. Með því ávann hann sér og eiginkonu sinni rétt til lífeyris síðar á ævinni í réttu hlutfalli við framlag sitt. Þetta framlag var tekið af launum Haralds, og skertust þá um leið ráðstöfunartekjur þeirra hjóna á líðandi stundu. Á móti sköpuðust mikilvæg réttindi fyrir þau bæði, og er ekki vafi á því, að áfrýjandi eigi á grundvelli hjúskaparstöðu sinnar að njóta þeirra eftir fráfall eiginmanns síns. Hún verður ekki svipt réttindunum nema með heimild í settum lögum og að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Slíka heimild er hvorki að

finna í lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda né í öðrum almennum lögum, og ekki eru í gildi sérstök lög um starfsemi stefnda, eins og löngum hefur verið um ríkisstarfsmenn, sbr. nú lög nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Stefnda var því óheimilt að fella niður lífeyrisgreiðslur til áfrýjanda, þótt á högum hennar yrðu tilteknar breytingar, sem ekki þarf hér að taka afstöðu til. Ber því að taka kröfur áfrýjanda til greina og dæma henni málskostnað úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 28. október 1996.**

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Ásdís Kristjánsdóttir, kt. 160738-4569, Skólagarði 10, Húsavík, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, birtri 24. janúar 1995, á hendur Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar, kt. 430269-5429, Ketilsbraut 9, Húsavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt skylt að greiða stefnanda frá 1. apríl 1994, en til vara frá 13. apríl 1994, makalífeyri eftir eiginmann stefnanda, Harald Þórarinsson, fyrrverandi starfsmann Húsavíkurbæjar, sem lést 13. ágúst 1990, með sama hætti og stefndi hefur gert fram til 1. apríl 1994, en að öðru leyti samkvæmt reglum stefnda á hverjum tíma. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt fram lögðum reikningi.

Stefndi gerði af sinni hálfu aðallega kröfu um frávísun málsins, en til vara kröfu um sýknu á kröfum stefnanda. Í báðum tilfellum krafðist stefnandi málskostnaðar að skaðlausu. Aðalkröfu stefnda var hafnað með úrskurði 18. júní sl., eftir að málið hafði verið flutt sérstaklega um þá kröfu, en málskostnaður var ekki ákvarðaður. Snýst því mál þetta um varakröfu stefnda um sýknu á kröfum stefnanda auk tildæmde málskostnaðar að skaðlausu.

### *Yfirlit um atvik að baki máli og úgreiningsefni.*

Eiginmaður stefnanda, Haraldur B. Þórarinsson, andaðist 13. ágúst 1990. Eftir andlátinu, þ. e. 21. september 1991, veitti sýslumaður Þingeyjarsýslu stefnanda leyfi til setu í óskiptu búi. Hinn 1. ágúst 1992 skráðu stefnandi og Gunnar Páll Jóhannesson sig saman í óvígða sambúð, og var sameiginlegt heimilisfang þeirra á þeim degi greint Skólagarður 10, Húsavík. Fyrir liggur í málinu, að Gunnar Páll átti við þrálát hjartveikindi að stríða frá því í september 1991, og í ársbyrjun 1995 sá ekki fyrir endann á þeim veikindum.

Gunnar Páll og stefnandi gerðu með sér kaupsamning 18. júní 1993, sem fól í sér, að stefnandi keypti af Gunnari Páli helming eignarhluta einbýlishúss að Skólagarði 10, og var kaupverð greint 3.700.000 kr. Afsal vegna

kaupanna var gefið út 20. nóvember 1993. Þau Gunnar Páll og stefnandi gerðu enn fremur með sér samkomulag, dags. 12. febrúar 1994, um nánari skiptingu eigna sinna sem og, hvernig fara skyldi með þær eignir að öðru hvoru þeirra látnu. Þetta samkomulag samþykktu börn þeirra Gunnars Páls og stefnanda fyrri sitt leyti.

Ágreiningslaust er í málinu, að Haraldur B. Þórarinnsson heitinn, fyrrum eiginmaður stefnanda, var til margra ára starfsmaður Húsavíkurbæjar og greiddi stefnda iðgjöld á þeim tíma. Þá er enn fremur ágreiningslaust, að þegar Haraldur lést, greiddi stefndi stefnanda makalífeyri eftirleiðis. Það var hins vegar með bréfi, dags. 29. mars 1994, að stjórn stefnda tilkynnti stefnanda þá ákvörðun sína að fella niður greiðslur makalífeyris til stefnanda frá og með 1. apríl s. á. á þeim grundvelli, að réttur stefnanda til makalífeyris væri fallinn niður vegna óvígðrar sambúðar stefnanda og Gunnars Páls. Heimild fyrir þessari ákvörðun sinni sótti stjórn stefnda í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar stefnda, sem er svohljóðandi:

„Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi. Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum eða úr einhverjum öðrum lífeyris-sjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.“

Fljótlega eftir að þessi ákvörðun stefnda hafði borist stefnanda, óskuðu stefnandi og Gunnar Páll eftir því við sýslumann á Húsavík, að slitið yrði þeirri óvígðu sambúð, sem þau höfðu skráð sig í, sbr. dskj. nr. 11. Skjal slitunum til staðfestu gaf sýslumaðurinn á Húsavík út 13. apríl 1994. Þegar stjórn stefnda var gert þetta kunnugt, tók hún þá ákvörðun að hefja greiðslur makalífeyris til stefnanda að nýju frá 1. apríl 1994, auk þess sem krafist var endurgreiðslu þess lífeyris, sem hafði verið greiddur stefnanda á tímabilinu 1. ágúst 1992 til 31. mars 1994. Enn fremur var samþykkt, að tekið yrði af greiddum lífeyri til stefnanda frá og með 1. apríl 1994 og hann látinn renna til endurgreiðslu lífeyrisins vegna hins fyrra tímabils. Þessi ákvörðun stjórnarinnar var stefnanda gerð kunn með bréfi, dagsettu 31. maí 1994. Þessa ákvörðun sína endurskoðaði stjórn stefnda hins vegar á fundi 20. september 1994, sbr. dskj. nr. 15, og ákvað stjórnin á þeim fundi að fella niður greiðslur makalífeyris til stefnanda frá 1. apríl 1994, meðan sambúð stefnanda og Gunnars Páls væri ekki slitið. Auk þess var tekin sú ákvörðun að falla frá kröfu um endurgreiðslu ofgreidds lífeyris.

*Helstu málsástæður stefnanda og lagarök.*

Stefnandi heldur því í fyrsta lagi fram, að ákvörðun stjórnar um að svipta stefnanda makalífeyri sé ógild fyrir það, að hana skorti lögmætan grundvöll. Er um það vísað til þess, að reglugerð stefnda skorti samþykki fjármálaráðuneytisins, eins og lög bjóði. Um lagarök þessa er sérstaklega vísað til 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Þá vísar stefnandi í öðru lagi til þess, að ákvörðun stjórnar stefnda sé reist á rangri forsendu, þar sem stefnandi hafi ekki stofnað til samvista við Gunnar Pál í skilningi reglugerðar sjóðsins. Er sérstaklega um það vísað til sambúðarforms stefnanda og Gunnars Páls, en stefnandi heldur því fram, að tilkynning þeirra um óvígða sambúð hafi stafað af misskilningi þeirra beggja á lagalegu inntaki hugtaksins óvígð sambúð. Þannig hafi ætlun stefnanda og Gunnars Páls aldrei verið sú að búa saman sem hjón væru. Þá er enn fremur vísað til aðdraganda þess, að stefnandi og Gunnar Páll fluttust undir sama þak.

Stefnandi kveður aðdraganda þess vera með þeim hætti, að stefnanda hafi orðið haustið 1991 tilfinningalega mjög erfitt eftir lát eiginmanns síns. Hún hafi í þeim erfiðleikum hlotið hjálp hjá Akureyrardeild samtaka um sorg og sorgarviðbrögð. Hún hafi því ásamt fleirum stofnað deild greindra samtaka á Húsavík og starfað með þeim samtökum. Gunnar Páll hafi í sorg vegna andláts eiginkonu sinnar snemma árs 1991 kynnst stefnanda í starfi hennar við deildina. Stefnandi hafi svo af efnalegum ástæðum þurft að selja einbýlishús sitt, en fékk fyrst um sinn að búa í húsi Gunnars Páls, sem var frá heimili sínu vegna veikinda, þegar stefnandi afhenti kaupanda einbýlishús sitt.

Þá kveður stefnandi hvatir Gunnars Páls að baki þessu hafa verið greiðasemi við stefnanda, en eftir að Gunnar Páll hafi komið heim, hafi hann þurft umönnunar við, og óvarlegt þótti, að hann byggi einn í húsinu. Við þessar aðstæður hafi sú hugmynd kviknað, að frambúðarlausn á vanda bæði Gunnars Páls og stefnanda kynni að vera fólgin í því, að stefnandi keypti helmingshlut í húsnaði Gunnars Páls, og varð það úr. Í kjölfarið hafi verið gengið frá kaupsamningi og samkomulagi um sambýlishætti að öðru leyti, sem erfingjar beggja samþykktu fyrir sitt leyti.

Um ástæðu þess, að Gunnar Páll og stefnandi létu skrá sig í sambúð, nefnir stefnandi þá ástæðu, að þau hafi talið sér skylt að tilkynna það form, sem þau höfðu á sambúð sinni. Um annað form hafi ekki verið að ræða fyrir slíka tilkynningu. Þá telja stefnandi og Gunnar Páll sig minnst þess, að á þessum tíma hafi verið mikil umræða um það í fjölmiðlum, að fólk byggi

langtímum saman án þess að tilkynna það og næði þannig út úr almannatryggingakerfinu fé, sem það ætti ekki rétt á. Þessi umræða hafi með öðru orðið þess valdandi, að tilkynningin var send.

Um lagarök þessarar síðari málsástæðu er vísað til reglna um óvígða sambúð sem og meginreglna samningaréttarins um frelsi til gerðar samninga um persónuleg málefni.

Stefnandi kveður aðalkröfu sína fela það í sér, að ákvörðun stjórnar stefnda á dskj. nr. 15 verði dæmd ólögmat. Varakrafan sé sett fram, komi til þess, að dómurinn telji ákvörðun stjórnar stefnda vera réttmæta fram að þeim tíma, að skráning á hjúskaparstétt stefnanda og Gunnars Páls var breytt 13. apríl 1994.

#### *Helstu málsástæður stefnda og lagarök.*

Stefndi heldur því fram, að skortur á ráðherrasamþykki við reglugerð stefnda hafi ekki þýðingu við úrlausn þessa máls. Um lagarök þess vísar hann til 73. gr. stjórnarskrárinnar (74. gr., sbr. lög nr. 97/1995). Þá vísar hann einnig til markmiðs og forsögu 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Þá miðar stefndi við það, að orðið „samvistir“ í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar stefnda hafi sjálfstæða merkingu og sé víðtækari en hugtakið óvígð sambúð. Þá telur stefndi aðdraganda samvistanna ekki ráða úrslitum í þessu samhengi, en bendir á, að öll skilyrði óvígðrar sambúðar séu fyrir hendi. Loks er útskýringum stefnanda á tilkomu sambúðarskráningar stefnanda og Gunnars Páls hafnað sem ótrúverðugum. Um lagarök þessa er vísað til almennra reglna um óvígða sambúð.

Þannig telur stefndi, að ákvörðun stjórnar stefnda, sbr. dskj. nr. 15, standi, og því beri að sýkna stefnda.

Í máli þessu hafa gefið skýrslur fyrir dómi stefnandi, Ásdís Kristjánsdóttir, og fyrirsvarsmaður stefnda, Sverrir Jónsson. Þá hafa komið fyrir dóminn vitnin Gunnar Páll Jóhannesson, Björn Helgi Jónsson, fyrrverandi sóknarprestur, og Sigurður Svavar Þórarinnsson, fyrrverandi mágur stefnanda.

#### *Álit dómsins.*

Aðilar eru sammála um, að fjármálaráðuneytið hefur ekki staðfest reglugerð stefnda, eins og boðið er í 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu, líkt og var um eldri reglugerð stefnda frá árinu 1964. Það þykir þó ekki skipta máli við úrlausn máls þessa. Stafar það af því, að í nefndu ákvæði er samþykki ráðuneytisins talið sem eitt skilyrði þess, að aðild að tilteknum lífeyrissjóði teljist skyldubundin fyrir tiltekna launþegahópa. Af ákvæðinu verður þannig ekki dregin nein ályktun um

stöðu launþega, sem hafa greitt af launum sínum í tiltekinn lífeyrissjóð, án þess að lagaskyldu nyti við. Verður því við það að miða, að þeir, sem greiða í lífeyrissjóð, án þess að reglugerð sjóðsins hafi verið staðfest af ráðuneytinu, verði að hlíta reglum sjóðsins, eins og þær eru á hverjum tíma.

Kemur þá til skoðunar, hvort orðið „samvist“ í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar stefnda sé víðtækara en lagalega hugtakið óvígð sambúð. Við úrlausn þess þykir rétt að líta til 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, en þar segir: „Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hjónabandinu eigi verið slitið að lögum, áður en sjóðfélaginn lést.“ Af þessu ákvæði reglugerðarinnar verður ráðið, að meginreglan er sú, að eftirlifandi maki sjóðfélaga eigi rétt til makalífeyris. Þá þykir rétt að líta til þess, að hugtakið óvígð sambúð hefur nú orðið nokkuð fasta merkingu að íslenskum rétti, en ekki verður séð, að rík hefð sé fyrir notkun hugtaksins samvist. Með vísan til framangreinds þykir rétt að skýra orðið samvist í 3. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar svo, að þar sé átt við óvígða sambúð í hefðbundnum lagalegum skilningi.

Úrlausn máls þessa veltur þess vegna á því, hvort stefnandi og Gunnar Páll hafi í reynd hafið óvígða sambúð lögum samkvæmt. Ljóst þykir við úrlausn þess, að opinber skráning ræður ekki úrslitum í því samhengi, heldur verður að miða við þann hátt, sem samlífi viðkomandi hefur verið farið. Á hinn bóginn er enn fremur ljóst, að ýmis opinber gögn geta þjónað sem sönnunargögn að þessu leyti, þótt ekki séu þau einhlít. Þannig þykir skráning stefnanda og Gunnars Páls á óvígðri sambúð frá 1. ágúst 1992 vísa til þess, að samlífi þeirra hafi í reynd verið háttað á þann veg, sem skráningin vísar til. Skýringar stefnda, sem ganga í aðra átt, þykja ekki trúverðugar.

Þá þykir kaupsamningur sá, sem stefnandi og Gunnar Páll gerðu með sér um húseign, sem og síðara samkomulag um nánari skiptingu eigna fela í sér líkur þess, að a. m. k. allnokkur fjárhagslegur samruni hafi verið með stefnanda og Gunnari Páli. Reikningar, sem stefnandi hefur lagt fram, sbr. dskj. nr. 23-26, þykja ekki til þess fallnir að leiða líkur að öðru.

Þar sem aðilar eru að öðru leyti sammála um það, að stefnandi og Gunnar Páll hafi búið undir sama þaki, þykja ekki efni standa til annars en telja, að í reynd hafi verið um að ræða óvígða sambúð milli þeirra.

Með vísan til ofangreinds ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Ólafsson héraðsdómari.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurbæjar, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ásdísar Kristjánsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---